



Alþingi
Erindi nr. P 125/92
komudagur 11.11.1999

10. nóvember 1999

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 4. þ.m., þar sem óskað er eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, 25. mál, EES-reglur.

Frumvarp þetta var samið af nefnd sem viðskiptaráðherra skipaði í ágúst 1998 og í átti sæti m.a. fulltrúi Seðlabankans. Það er flutt í samræmi við ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/1994 og nr. 12/1998 og til þess að taka upp í innlandan rétt ákvæði tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins nr. 19/1994 um innstæðutryggingar og nr. 9 frá 1997 um tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Í frumvarpinu er lagt til að Tryggingarsjóður viðskiptabanka, innstæðudeild Tryggingarsjóðs sparisjóða og nýtt tryggingakerfi fyrir fjárfesta renni saman í einn sjóð, Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta. Seðlabankinn fellst á að helstu rök að baki slíkum samruna séu að bankastarfsemi og verðbréfastarfsemi séu orðin mjög samofin og að hagstætt sé út frá tryggingarfræðilegu sjónarmiði að stækka slíkan sjóð og dreifa áhættu auk þess sem rekstrarkostnaður yrði minni.

Seðlabanki Íslands fagnar frumvarpi þessu og hvetur til samþykkis þess.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS